

Mennta- og barnamálaráðuneyti
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM Í ÞÁGU BARNA (SAMÞÆTTING ÞJÓNUSTU, SNEMMTÆKUR STUÐNINGUR O.FL). 154. LÖGGJAFARÞING 2023-2024.

UMFÍ sendi inn umsögn við fyrstu útgáfu frumvarpsins þegar það var lagt fram á 153. löggjafarþingi. UMFÍ áréttar að tekið er heilshugar undir allt það sem bætir farsæld og velferð barna og ungmenna og veitir þeim aukin tækifæri til þátttöku. Allar opnar dyr eru til þess fallnar að bæta mannlífið, bæði í heild og einstaklingana.

SVÆÐASKRIFSTOFUR SEM VEITI SAMRÆMDA ÞJÓNUSTU

Á nýlegu sambandsþingi UMFÍ, sem fram fór dagana 20. – 22. október síðastliðinn, var samþykkt sameiginleg tillaga ÍSÍ og UMFÍ sem felur í sér stofnun svæðastöðva víða um land sem ætlað er að styrkja íþróttahéruðin og gefa íþróttafélögum um allt land kleift að veita samræmda þjónustu í öllum landshlutum. Það styrkir nærsamfélag héraðanna sjálfra og mun vonandi verða til hagsbóta fyrir iðkendur og þar með íþróttalífið í landinu, sérstaklega í röðum barna og ungmenna.

Íþróttahéruðin eru ekki bundin við einstök félög eða deildir íþróttafélaga heldur eru þau sjálfstæðar einingar sem geta í samstarfi við svæðastöðvarnar gegnt hlutverki samræmingaraðila auk þess að hafa umsjón með eftirfylgni stefnumótandi verkefna.

Svæðastöðvarnar, efling íþróttahéraða og samræmt starf íþróttafélaga um allt land er jafnframt í samræmi við stefnu mennta- og barnamálaráðuneytis í málaflokknum. Að mati okkar hjá UMFÍ er þetta sterkasta og árangursríkasta leiðin til að ná markmiði laga í þágu barna á Íslandi. Nú er tíminn fyrir stjórnvöld og íþróttahreyfinguna til að vinna saman að því að bæta mannlífið og samfélagið allt.

Um leið og við hjá UMFÍ tökum undir þessi markmið og væntanlegar breytingar þá leggjum við áherslu á að samhliða gildistöku laganna er mikilvægt að með fylgi bæði fjármagn og verkfæri til þess að uppfylla markmið, kröfur og skyldur. UMFÍ leggur áherslu á að lausn sé fólgin í aðkomu íþróttahéraða til að bæta og jafna farsæld barna um allt land.

Í frumvarpinu er tekið fram að í fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 og fjárlögum fyrir árið 2022 séu 1.898 milljónir króna veittar til að standa straum af kostnaði hjá ríki og sveitarfélögum við innleiðingu verkefnisins. Frá árinu 2023 árlega 1.848

milljónir króna. Gæta verður að því að íþróttahreyfingin verði inni í þeirri fjárhagsmynd, svo allir verði með og enginn standi eftir. Íþróttahreyfingin vinnur þessa dagana að stórum verkefnum, sem miða að því að ná til sem flestra, opna dyr íþróttafélaga fyrir fólk með fötlun og aðra sem fram til þessa hafa staðið á jaðrinum eða komið að lokuðum dyrum í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Slík vinna kostar tíma, fyrirhöfn og fjármagn. Slíka vinnu er vart hægt að leggja að óbreyttu á íþróttafélögin. Möguleiki er á að svæðastöðvarnar, sem verða mótaðar á næstu mánuðum, geti tekið við samræmingu á starfi sem lúta í þá átt.

LAUSNIN FELST Í SKIPULÖGÐU ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI

Við vitum að íþróttir og ástundun í skipulögðu starfi er lýðheilsuátt. Íþróttaiðkun barna býr þau undir áskoranir lífsins og við sjáum í íslenskum rannsóknum að börn sem stunda skipulagt íþróttastarf líður betur bæði andlega og líkamlega en þeim börnum sem ekki taka þátt.

Í niðurstöðum Ánægjuvogarinnar, sem ÍSÍ og UMFÍ standa að kemur eftirfarandi fram:

47% barna sem æfa íþróttir meta líkamlega heilsu sína góða miðað við 19% sem æfa ekki íþróttir.

33% meta andlega heilsu sína góða miðað við 18% sem æfa ekki íþróttir.

50% segjast vera hamingjusöm miðað við 33% sem æfa ekki íþróttir.

64% fá nægan nætursvefn miðað við 44% sem æfa ekki íþróttir.

Auk þess læra börn og ungmenni sem æfa íþróttir að setja sér markmið, vinna undir álagi og vinna með bæði gleði og sorgir. Íþróttir byggja því upp seiglu – kunnáttu og lærdóm sem endist lífið á enda. Við vitum að mikil ábyrgð hvílir því á íþróttafélögum landsins en þau eru um 500 talsins og mjög mismunandi starfsemi innan þeirra. Sterk íþróttahéruð í sínu nærsamfélagi, óháð íþróttagrein eða félagi, geta miðlað málum, opnað dyr, tryggt að sem flest börn fái tækifæri til að vaxa og dafna um allt land og tekið þátt á sínum forsendum.

SAMAN ERUM VIÐ ÖLL BETRI

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga og sjálfstæð félagasamtök skv. íþróttalögum. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907.

Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja að sem flest börn fái tækifæri til að blómstra. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,

Árður Inga Þorsteinsdóttir

Auður Inga Þorsteinsdóttir
framkvæmdastjóri UMFÍ